

# Stig 1: Uppljóstrun

- ✓ Sýndu hluttekningu og skilning á aðstæðum.
- ✓ Ræddu við starfsmanninn um óskir hans/hennar varðandi uppljóstrun.
- ✓ Ræddu við starfsmanninn um óskir hans/hennar varðandi upplýsingar (til samstarfsmanna / á milli vinnuveitanda og starfsmanns).
- ✓ Ræddu lagaleg réttindi og skyldur bæði vinnuveitanda og starfsmanns varðandi veikindaleyfi.
- ✓ Ræddu hvort starfsmaður geti mögulega verið virkur í vinnunni og að hvaða leyti, með tilliti til vinnuálags, verkefna og aðstoðar.
- ✓ Ef starfsmaður getur ekki verið virkur, skaltu ræða tímasetningu nauðsynlegs staðgengils.

Fáðu að vita meira um verkefni EU-OSHA um endurhæfingu og afturhvarf til vinnu.



Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA) leggur sitt af mörkunum við að gera Evrópu að öruggari, heilbrigðari og afkastameiri stað til að vinna á. Stofnunin rannsakar, þróar og dreifir áreiðanlegum, yfirveguðum og óhlutdrægum upplýsingum um öryggis- og heilbrigðismál og skípuleggur vitundarvakningar um alla Evrópu. Stofnunin, sem var sett á fót af Evrópusambandinu árið 1994 og er með höfuðstöðvar í Bilbaó á Spáni, færir saman fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, fulltrúa frá stjórnarsýslu aðildarríkjanna, frá samtökum atvinnurekenda og launþega ásamt leiðandi sérfræðingum frá hverju af hinum aðildarríkjum ESB og annars staðar frá.

**Ráðleggingar fyrir vinnuveitendur varðandi afturhvarf til vinnu fyrir starfsfólk með krabbamein**

Vinnuverndarstofnun Evrópu  
Santiago de Compostela 12 | E-48003 Bilbao, Spain  
Sími: +34 944358400 | Fax +34 944358401  
Tölvupóstfang: [information@osha.europa.eu](mailto:information@osha.europa.eu)  
<https://osha.europa.eu/is>

© Evrópska vinnuverndarstofnunin 2018  
Afríttun er leyfð ef heimildir er getið.  
Fyrir notkun á myndum, þarf að leita leyfis beint frá rétthafa.

Mynd á forsiðu: ©iStock / Francesco Ridolfi



Vinnuvernd er allra hagur. Fyrir þig og þinn vinnustað.

## Stig 2: Meðferðartími

- ✓ Haltu sambandi við starfsmanninn og leggðu mat á þarfir hans/hennar, væntingar, möguleika til vinnu og áhuga.
- ✓ Ræddu möguleikann á að starfsmaður haldi sambandi við deild sína og samstarfsmenn eftir óskum hans/hennar (stig 1, atriði 3).
- ✓ Ræddu möguleikann á meðferðaráætlanir fyrir líkamlega virkni sem eru ætlaðar krabbameins-sjúklingum á meðan á meðferð stendur.
- ✓ Veittu samstarfsfólki og yfirmanni starfsmanns fræðslu um krabbamein og vinnu og vandamál sem tengjast afturhvarfi til vinnu í samræmi við stig 1, atriði 2 og 3.

## Stig 3: Áætlun og undirbúningur afturhvarfs til vinnu

- ✓ Hafðu fyrirtækjalækninn með í ráðum við að kanna viðeigandi valkosti vegna afturhvarfs til vinnu.
- ✓ Ræddu lagaleg réttindi og skyldur bæði vinnuveitanda og starfsmanns.
- ✓ Upplýstu starfsmann um áætlun fyrirtækisins um afturhvarf til vinnu. Sérníddu þessa áætlun að þörfum og óskum starfsmannsins.
- ✓ Áætlun sem sameinar líkamlega þjálfun, sálfræðistuðning og vinnuaðlögun getur aukið líkurnar á afturhvarfi til vinnu.
- ✓ Þróaðu áætlun um afturhvarf til vinnu með yfirmanni, starfsmanni og fyrirtækjalækni.
- ✓ Ræddu við starfsmanninn um óskir hans/hennar varðandi inngrip, endurhæfingu, vinnuþjálfun og áætlun um afturhvarf til vinnu.

## Stig 4: Afturhvarfið sjálft

- ✓ Sjálft afturhvarfið til vinnu ætti að framkvæma í stigum í nánú samstarfi við starfsmanninn.
- ✓ Ef um verulega skerðingu á vinnuhæfni er að ræða ætti að íhuga vandlega aðra aðlögunarmöguleika hjá utanaðkomandi aðilum, þ.m.t. lækni, félagsráðgjafa og mannauðsstjóra.
- ✓ Vaktaðu og aðlagaðu áætlunina afturhvarf til vinnu ef þess þarf.

### RÁÐGJÖF FYRIR VINNUVEITENDUR Í LITLUM OG MEÐALSTÓRUM FYRIRTÆKJUM

- ✓ Gefðu starfsmanni upplýsingar um mögulegar (utanhúss) áætlanir fyrir afturhvarf til vinnu.
- ✓ Veittu samstarfsfólki og yfirmanni starfsmanns stuðning og fræðslu í samræmi við stig 1, atriði 2 og 3.
- ✓ Gerðu vinnukröfur sveigjanlegri.
- ✓ Samstilltu þig við önnur fyrirtæki sem hafa sveigjanlegri störf.